

Ár 2017, mánudaginn 10. apríl, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn dómur í kærumálinu nr. 3/2017:

Handknattleiksdeild Gróttu
gegn
Handknattleikssambandi Íslands

Málið dæmir Halldór Kr. Þorsteinsson.

Mál þetta var höfðað með kæru sem er dagsett 10. apríl 2017 og móttækin hjá skrifstofu HSÍ sama dag. Málið var þingfest og dómtekið 10. apríl 2017 og úrskurður kveðinn upp sama dag.

Frammi liggja dómskjöl merkt nr. 1-2.

Dómkröfur kæranda

Kærandi gerir þær kröfur að felldur verði úr gildi sá hluti úrskurðar aganefndar í máli Þráins Orra Jónssonar, sem kveðinn var upp 10. apríl, að úrskurðurinn taki þegar gildi og svo úrskurðað af dómstól HSÍ að úrskurðurinn taki gildi 13. apríl nk. kl. 12.00.

Málsástæður kæranda

Kærandi heldur því fram að úrskurður aganefndar gagnaðila fái ekki staðist því hann fari í bága við reglur HSÍ um gildistöku úrskurða nefndarinnar.

Niðurstaða dómsins

Samkvæmt 37. gr. laga HSÍ skal formaður Dómstóls HSÍ taka, svo fljótt sem hægt er, afstöðu til þess hvort kærufrestur skv. 35. gr. sé liðinn eða einhverjir formgallar á kæru skv. 36. gr. sem geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skuli dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði. Á meðal atriða sem talin eru upp í fyrrnefndri 36. gr. laganna eru lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á, ásamt ljósriti af þeim gögnum, sbr. 8. tölul. 36. gr.

Í kæru er vísað til úrskurðar aganefndar HSÍ frá 10. apríl 2017. Jafnframt segir í kæru að úrskurðurinn sé á meðal fylgiskjala með kærinni, skjal nr. 2. Þrátt fyrir það var kæru aðeins skilað inn með einu fylgiskjali, þ.e. skjali nr. 1 sem sýnir samskipti samskipti Andra Sigfússonar og Róberts Geirs Gíslasonar dags. 6. og 7. apríl 2017.

Dómari telur að þar sem úrskurður aganefndar, sem kæran byggir á, hafi ekki verið afhentur með kærinni sé með öllu ómögulegt að taka afstöðu til kæruefnisins að svo stöddu. Fyrir vikið verður ekki komist hjá því að vísa málinu frá dómi.

Kærandi hefur 24 tíma frest frá birtingu úrskurðarins til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn, sbr. 3. mgr. 35. gr. laga HSÍ.

Úrskurðarorð

Kæru Handknattleiksdeildar Gróttu gegn Handknattleikssambandi Íslands dags. 10. apríl 2017 er vísað frá dómi.



Halldór Kr. Þorsteinsson